



Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla

2008-2009

Reykjavík

haustið 2009



Efnisyfirlit

Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla 2008-2009	3
Skólastarfið	3
Ytri tengsl – samfélagið	4
Viðfangsefni skólaársins 2008-2009	5
Upplýsingastreymi til foreldra	5
Skapandi hugsun og vinna	7
Lestraráttak meðal nemenda á lestri enskra og íslenskra bóka	7
Skapandi hugsun og vinna	8
Lestraráttak meðal nemenda á lestri enskra og íslenskra bóka.....	25
Read ! Read ! Read !.....	25
Lestur íslenskra bóka.....	28
Upplýsingastreymi til foreldra – viðhorfakönnun	30
Aðrar tiltækar viðhorfakannanir	38
Samantekt /umræða.....	41
Að loknum fyrsta áfanga í sjálfsmatsvinnunni	41
Framtíðarsýn	44

Sjálfsmatsskýrsla Tjarnarskóla 2008-2009

Tjarnarskóli var stofnaður 1985 og er til húsa í hjarta Reykjavíkur, að Lækjargötu 14b, 101 Reykjavík. Í skólanum eru nemendur í 7., 8., 9. og 10. bekk í þremur bekkjardeildum. Skólinn er rekinn sem einkahlutafélag.

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannrækt. Við viljum hvetja og styrkja nemendur okkar á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Við byggjum á styrkleika hvers og eins og viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Nemendur okkar læra öguð vinnubrögð, samvinnu og samábyrgð og áhersla er lögð á góða hegðun, kurteisi og háttvísi. Áhersla er lögð á að nemendur leggi góðan grunn að því að verða færir um að taka góðar ákvarðanir. Gott samstarf, á milli allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi nemenda okkar, er okkur mikilvægt. Mikil áhersla er lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um sem flesta þá þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólastarfinu.

Skólastarfið

Markmið – áherslur - leiðarljós

Líðan nemenda og starfsfólks

- Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum
- Jákvætt og hvetjandi andrúmsloft sem er um leið uppbyggilegt og hrósandi
- Mannrækt í sem víðasta skilningi.
- Slagorð skólans eru: „Allir eru einstakir” og „Lítill skóli með stórt hjarta”

Góð grunnmenntun – einstaklingsmiðað nám

- Góð grunnmenntun og undirbúningur fyrir lífið og tilveruna.
- Sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur temji sér góðar námsvenjur.
- Nemendur fái viðfangsefni sem þjálfar allar tegundir greindar (fjölgreind) og úrvinnslu.
- Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur.
- Finna styrkleika einstaklinga
- Styrkja einstaklinginn sem manneskju á faglegan hátt.
- Skipulagning skólastarfsins taki ávallt mið af því að einstaklingurinn sé í fyrirrúmi.

Mannrækt

- Samvinna/samhjálp nemenda – samvinna árganga.
- Samábyrgð nemenda og verkaskipting
- Góð hegðun, samfélagsfærni, háttvísi og kurteisi, hvar sem nemendur koma fram á vegum skólans.
- Þjálfun í jákvæðum samskiptum.
- Heilbrigðir lífshættir

Námsumhverfi

- Rólegt/áreitalítið námsumhverfi.
- Góður ytri aðbúnaður og öryggi

Samstarf

- Gott samstarf milli skóla og heimils
- Kennara og nemenda
- Innan kennarahópsins
- Nemenda og foreldra

Ytri tengsl – samfélagið

a) Raunveruleikurinn í 10. bekk – góður árangur; viðurkenningar fyrir 1. sæti

Undanfarin fjögur ár hafa elstu nemendur skólans tekið þátt í hinum svo nefnda Raunveruleik sem er lífsleiknikeppni sem fram fer á veraldarvefnum. Þessi leikur er í senn bæði keppni einstaklinga og bekkjarheildar og snýst um ýmislegt sem lýtur að því að undirbúa ungmenni fyrir að takast á við ábyrgð fullorðinsáranna, er nokkurs konar eftirlíking af raunveruleikanum. Um er að ræða m.a. fjármálafræðslu, upplýsingar um gildi trygginga, um námslán, íbúðakaup, fæðingarorlof og fleira. Á annað þúsund nemenda um allt land hafa tekið þátt í þessum leik undanfarin ár. Nemendur í Tjarnarskóla hafa orðið í 1. sæti í þrjú ár af fjórum.

b) Samvinna við Fjölbrautaskólann í Ármúla

Skólaveturinn 2008 – 2009 var annað skólaárið sem við í Tjarnarskóla vorum í samvinnu við fjarnámsdeildina í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Prettán nemendur (af 45) luku 31 námsáfangi í 9 námsgreinum.

Viðfangsefni skólaársins 2008-2009

sem sjálfsmatið beindist sérstaklega að

Þar sem kennarahópurinn hafði ekki haft reynslu af skipulagðri sjálfsmatsvinnu var leitað til fagaðila til þess að leiða kennarahópinn við að tileinka sér vinnuaðferðir af þessu tagi. Þær Björk Ólafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir frá Ísmati tóku að sér þessa handleiðslu með styrk frá menntamálaráðuneytinu. Þær leiddu kennarahópinn í gegnum vinnuferli vetrarins og það er samdóma álit starfsmanna í skólanum að þessi samvinna var mjög ánægjuleg í alla staði.

Ákveðið var að beina sjónum sérstaklega að þremur þáttum skólastarfsins og fá svar við eftirfarandi matsspurningum:

1. Hvað finnst foreldrum um upplýsingastreymi frá skólanum?
2. Hvernig tekst til með átak sem beinist að því að tengja listsköpun við hinar ýmsu námsgreinar í skólanum?
3. Hvernig þróast átak í frjálsestri enskra bóka annars vegar, en íslenskra bóka hins vegar?
(Sjá nánar í „Ramma fyrir umbótaáætlun)

Upplýsingastreymi til foreldra

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á öflugt upplýsingastreymi til foreldra um tiltekna þætti skólastarfsins. Kennarahópnum og ritara skólans, sem kemur með virkum hætti að því að upplýsa foreldra, hefur þótt eftirsóknarvert að vita hvað foreldrum finnst um gildi og framsetningu upplýsinganna. Því var ákveðið að gera viðhorfskönnun meðal foreldra og spyrja þá hvað foreldrum fyndist um:

a) „Heimanámspósta“.

Að öllu jöfnu eru sendar upplýsingar til nemenda og foreldra um það hvað hver kennari hefur sett fyrir að vinna á milli kennslustunda. Þessar upplýsingar eru skráðar af kennara í svo nefnda „heimanámsbók“ sem fylgir kladda hvers nemendahóps (bekkjar). Nemendur eiga síðan að ljúka við tiltekin viðfangsefni í sérstökum heimanámstímum í skólanum og/eða heima ef ekki tekst að ljúka þeim í skólanum. Þessar upplýsingar lúta ýmist að því hvað allur nemendahópurinn á að gera, en einnig hvað hver einstaklingur á að gera þegar svo ber undir. Þessar upplýsingar eru senda í tölvupósti sem ritari skólans skráir upp úr heimanámsbókum og sendir á nemendahópinn á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum um hádegisbilið.

b) „Umsjónarkennarapósta“.

Umsjónarkennari hvers bekkjar safnar saman ýmsum skráðum upplýsingum um framgang hvers nemanda í sínum umsjónarbekk. Þessar upplýsingar eru annars vegar upplýsingar úr kladda sem segja til um mætingu nemenda og námsframvindu; s.s. hvort nemandi hafi skilað verkefnum, hafi lokið heimavinnu, hversu vel hann hefur nýtt kennslustundir og þess háttar. Dæmi um skráningar:

" = Mætt(ur)

S = Kom of seint

H = Heimild

Ó = Óheimil fjarvist

V = Veikindi

Vv = Vann vel

Vl = Vann lítið

Ve = Vann ekkert

Án = Án námsgagna / án nestis

+ = Lærð(ur) / með nesti

- = Ólærð(ur)

R = Rekin(n) úr tíma

X = Tími fellur niður

Auk þessara upplýsinga veitir umsjónarkennari upplýsingar um ýmislegt annað, s.s. góða frammistöðu í tilteknum viðfangsefnum s.s. góða ræðu, skemmtileg tilsvör, viðmót, hegðun og framkomu og það sem hefur verið á döfinni í skólastarfinu. Þessar upplýsingar sendir umsjónarkennari að öllu jöfnu einu sinni í viku.

c) Fréttapóstana „Tjarnarskólafréttir...Í fréttunum er þetta helst...“ úr skólastarfinu sem skólastjóri tekur saman og sendir í máli og myndum til nemenda, foreldra, kennara og velunnara skólans til þess að varpa ljósi á og upplýsa um það sem drífur á daga okkar í skólanum frá einum tíma til annars.

Til þess að leggja mat á þennan þátt var ákveðið að semja viðhorfakönnun með spurningum til foreldra og leggja fyrir á foreldraviðtalsdegi í lok 3. annar (í marsmánuði). Gengið var út frá að könnunin yrði nafnlaus en óska eftir að foreldrar merktu við hvort þeir ættu nemanda í Kvos, Læk eða Smiðju (bekkjarheitin).

Gert var ráð fyrir að ritari skólans tæki saman upplýsingarnar úr könnuninni (frumvinnsla) og síðan yrðu þær settar fram í formi skýrslu og myndrita. Niðurstöður og matsskýrsla yrði síðan sett á heimasíðu skólans. Niðurstöður áttu að liggja fyrir við skólalok, í maí 2009.

d) Frjálslestrarátakið.

Okkur lék forvitni á að vita hvort foreldrar yrðu varir við aukinn lestraráhuga heima. Spurningum um það yrði komið fyrir í fyrirhugaðri viðhorfakönnun meðal foreldra.

Ákveðið var að leggja könnunina fyrir útprentaða á pappír sem foreldrar myndu síðan fylla út og setja í kassa merktan „Viðhorfskönnun“. Honum yrði komið fyrir í kennslustofu þar sem sýning á verkefnum nemenda yrði komið fyrir á foreldraviðtalsdeginum.

Skapandi hugsun og vinna

Lagt var upp með það markmið að auka skapandi vinnu meðal nemenda (list, handverk, hugmyndavinnu og fleira). Stefnt var að því að hver kennari gerði a.m.k. eitt verkefni af þessu tagi á þessum skólavetri. Hver kennari setti fram markmið með sínu verkefni, lýsti framgangi þess og framkvæmd og legði síðan mat á útkomuna og miðlaði til hinna kennaranna. Einn kennari (sem sér um kennslu í náttúrufræði og stærðfræði) óskaði eftir að hennar áhersla yrði þróunarverkefni sem lyti að markvissri þjálfun nemenda í þrautalausnum og að tileinka sér margföldunartöfluna án kröfu um myndræna útfærslu af hálfu nemenda .

Lestraráttak meðal nemenda á lestri enskra og íslenskra bóka


Frjálslestur í ensku hefur verið iðkaður kerfisbundið í skólanum síðast liðið tvö og hálf ár. Hugmyndin var að halda áfram með þróun þessa verkefnis í ensku en nýta reynsluna til þess að gera sambærilegt áttak í íslensku. Gerður V. Colot, enskukennari hefur safnað markvissit upplýsingum um þennan þátt í skólastarfinu og unnið úr þeim gögnum sem voru höfð til hliðsjónar og fyrirmyndar í áframhaldandi þróunarvinnu.

Ytri rammi

Gengið var út frá því að skrá með markvissum hætti lestur hvers nemanda og bera niðurstöður saman við bæði erlendar rannsóknir og samanburð á milli ára (gögn frá enskukennara). Einnig var ákveðið að hafa spurningu um viðhorf foreldra til þessa námsþátta í viðhorfakönnun (sbr. 3. lið sjálfsmatsins).

Stefnt var að því að niðurstöður lægju fyrir við lok skólaárs í formi tölulegra upplýsinga frá enskukennara og íslenskukennara og beina sjónum sérstaklega að þessum námsþætti við verðlaunaafhendingu við skólaslit vorsins (2009).

Skapandi hugsun og vinna



1. Andabæjarverkefni í dönsku hjá Kvosarnemendum

Lýsing á verkefninu

Verkefnið fólst í því að hver nemandi fékk eina persónu út Andabæ (Andrésblaðanna) til að teikna og fjalla skriflega um. Síðan var bekknum skipt upp í þrjá hópa. Einn hópurinn átti að teikna kort af Andabæ, annar hópurinn að búa til ættartré og síðasti hópurinn átti síðan að búa til blað (Andabæjarblaðið). Nemendur fengu að velja sér hóp en kennari stýrði því að nokkru (t.d. var reynt að fá bestu teiknarana í að vinna kortið og þá sem eru með besta orðaforðann í blaðaverkefnið).



Markmið

- Tengja myndlist við dönskukennslu.
- Þjálfva nemendur í að nota danska heimasíðu (www.andeby.dk) við vinnslu á verkefni.



Mat á verkefninu

Verkefnið í heild sinni gekk mjög vel, nemendur voru áhugasamir og vildu teikna fleiri persónur en upphaflega var gert ráð fyrir.

Nemendur voru mjög duglegir að nota heimasíðuna og voru einnig farnir að skoða fleiri möguleika á henni t.d. leiki og afla sér ýmissa upplýsinga.

Í raun tók verkefnið lengri tíma en ég hafði gert ráð fyrir; þ.e. að teikna persónurnar og því varð úr að nemendur fengu að sleppa við að skrifa um hverja persónu fyrir sig.

Reynslan af þessari verkefnavinnu var jákvæð og mér finnst tilvalið að nota þetta verkefni aftur. Þá væri betra að setja skýrari tímaramma og takmarka persónufjöldann sem unnið er með.

Nemendur voru mjög áhugasamir og voru vandvirkir og duglegir að vinna verkefnið og báðu um að vinna fleiri svipuð verkefni. Það má því segja að þetta hafi fallið vel í kramið hjá nemendum.

Sigurborg Pálina Hermannsdóttir



2. Hrafnkels saga Freysgoða; myndrænt verkefni í íslensku í 7. og 8. bekk

Lýsing á verkefninu

Eftir að nemendur höfðu lokið lestri Hrafnkels sögu var þeim falið að túlka atriði sögunnar með myndrænum hætti: Teikna valin / eftirminnileg atriði úr sögunni.

Kennslan fór þannig fram að kennari las söguna í kennslustundum og nemendur svöruðu spurningunum í lesbókinni og söfnuðu svörunum í vinnubók.

Kennari skrifaði hugmyndir nemenda á töfluna um þau atriði sögunnar sem skemmtilegt væri að teikna. Farið var lauslega í gegnum hvern kafla fyrir sig; hugmyndum safnað um það sem skemmtilegt gæti verið að teikna og hugmyndirnar ræddar.

Skipting í hópa: Sessunautar unnu saman, 2-3 saman í hóp.

Leiðbeiningar til nemenda: Túlka atriðið með einni mynd. Setning úr sögunni má fylgja.

Dæmi um val nemenda á atriðum sem skyldi túlka myndrænt:

Féránsdómurinn

Hvar eru kindurnar?

Hrafnkell og þeir hlutir sem honum þótti vænst um

Víg Einars

Veika táin

Tímarammi: 3 kennslustundir

Markmið:

Að nemendur fái tækifæri til að túlka efni sögunnar með myndrænum hætti sem stuðlar að auknum og dýpri skilningi á persónum og framvindu sögunnar.


Mat á verkefninu

Verkefnið tókst mjög vel og voru nemendur jákvæðir og áhugasamir. Flestir hópar unnu mjög vel saman og án vandræða. Einn hópur átti þó í vandræðum með samvinnuna og þurfti mikla aðstoð við að koma sér í gang. Það tókst þó að lokum og allir hópar skiluðu verkefninu sínu á tilskildum tíma. Nemendum fannst almennt gaman að vinna verkefnið og töluðu um að það hjálpaði mikið við að skilja söguna betur.

Í framhaldinu óskuðu nemendur eftir því að fá að vinna sambærileg verkefni þegar kom að næsta viðfangsefni bókmenntanna; goðafræði. Því var að sjálfsögðu vel tekið.




Féránsdómurinn



Veika táin

Karen Ósk Úlfarsdóttir



The next chart was made up of several lists, the middle one being what you are or have been, from beginning to the present: i.e, starting with "egg plus sperm", to "fetus", "baby"all the way to "teenager". Other lists had things like: "reader", "acting student", "skater", "store clerk"i.e.all the roles one has taken on. And here could also be adjectives that described that student. .

Then each student was given an idea list of items and writings that they needed to collect towards the eventual multi-visual art work. They were also given web sites on Astrology and numerology, quotes and sayings, and interesting phrases from which there were to glean words and phrases that they felt pertained to themselves as individuals, and that then could used on their project.

At this point they began to understand what I had in mind in that the final product was an A2-sized work of art and text that had a specific background of connecting lines which could be drawn as they wished, the only requirement being entry and exit points. The idea behind these lines was to show that we were connected to each other at this point in our lives.

The final pre-step was to design their own mockup in full size, so they could see their layout as they began working on the good paper.

The final product was done in various mediums, combining collage and paint and inks and anything they wanted as long as it could be glued on. This was then displayed on the wall . Their pre-work was also collected into a Work File.



Heildarmyndin



Sýnishorn af einstökum tengiverkefnum

Markmið

I, as their English teacher (with an arts background) wanted to give them the opportunity to do a final project (as part of their final grade) on which they would spend most of their time during those last weeks of school; and remember it.

The intention was to get them to delve into their own personalities and lives and express that using English as the text format along with using their own visual designs. In other words, to use their second language in a productive, artistic way.

Mat

Overall, this was a very successful venture. We (for I was also doing my own) became almost obsessed with spending as much time as possible on this, often after school hours. It was taken quite seriously by most of the class, and everyone did it. Some students needed very little guidance once they realized what was needed, so that my role was more related to problem-solving their technique issues in order for the desired visual effects to work. A few needed guiding throughout the whole process, in order to at least fulfill the required minimum work, both written and visual. These were students who didn't necessarily see the point of it, but did it because it was a grade requirement. Everyone produced highly individual art works that reflected their personalities, interests, and desires. And many felt that they had learned something new about themselves (or so it seemed to me as their teacher). By the end, we were a real working unit. I was very proud of my students.

Gerður V. Colot

4. Stærðfræðiþrautir í 9. bekk

Lýsing á verkefninu

Stærðfræðiþrautir eru vel til þess fallnar að þjálfar nemendur í rökhusun og í að leita lausna á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Þrautirnar miðuðust við að nemendur nýttu þær reglur og þá stærðfræðikunnáttu sem þeir þegar bjuggu yfir við að leita lausnanna. Viðfangsefninu var einnig ætlað að stuðla að því að fela nemendum aukna ábyrgð á eigin námi (með því að skila reglulega lausnunum).

Nemendur unnu einir og sér eða hjálpuðust að. Notast var m.a. við þrautir og stærðfræðigátur í leik á netinu sem kallast „Peran“ og valdi ég þrautir út frá fjölbreytileika og að mismunandi styrkleika.

Ég ákvað að verkefnið yrði lagt fyrir á föstudögum og nefndi viðfangsefnið því „föstudagsþrautina“. Nemendur fengu viku til að leysa hverja þraut fyrir sig. Í lok stærðfræðitímans á föstudögum fengu nemendur nýja þraut og voru hvattir til að byrja á verkefninu og leita aðstoðar (innan vissra marka) en áttu einnig kost á að spyrja spurninga um verkefnið aðra daga vikunnar, ef þeim sýndist svo. Nemendur fengu um tuttugu mínútur af kennslustund á viku til að leysa þrautina, en sumir þurftu auk þess að glíma við hana utan þess tíma. Föstudagsþrautirnar urðu samtals 11 og var reynt að hafa þær sem fjölbreyttastar að gerð og þyngdarstigi. (Allt frá tiltölulega auðveldum útreikningi að því að nota reglur um jöfnuhneppi). Þrautirnar voru gerðar á vikufresti í 11 vikur frá janúar til apríl. Nemendur skiluðu lausnunum skriflega

Markmið


- Nemendur notist við þá þekkingu sem þegar er til staðar og þjálfist í að beita henni.
- Nemendur þjálfist í að nýta sér námsbækurnar til að leita lausna.
- Að kynnast stærðfræðinni frá öðru sjónarhorni.

Mat á verkefninu

Markmiðið var að fá sem flesta til að vera virkir í að leysa þrautirnar. Þar sem þetta var í fyrsta skipti sem ég vann með þrautir með þessum hætti gerði ég ráð fyrir að ná að minnsta kosti 65-70% skilum. Að meðaltali reyndust skilin um 73% sem er ásættanlegt.

Þar sem kennslan í stærðfræði er einstaklingsmiðuð, þá reyndust nemendur mismunandi vel í stakk búnir til þess að leysa þrautirnar eftir því hversu langt þeir voru komnir. Nemendur voru einnig misduglegir við lausnaleit og við að skila inn lausnum, eins og sést á töflunni hér fyrir neðan. Margir nemendur voru duglegir að leita hver til annars og hjálpast að. Þar sem nemendur eru mismunandi sterkir í stærðfræðinni kom það berlega í ljós þegar kom að flóknari þrautum. Einnig kom í ljós að sumir nemendur áttu erfitt með að lýsa lausnum í skýrsluformi og nokkrir áttu erfitt með að sýna alla útreikninga og feril lausnanna eins og sést í matstöflunni.

Mat á einstökum stærðfræðiþrautum í Læk 08-09												
	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	
2	2	7	7	1	3	6	11	6	13	3	11	
1	1	1	0	4	0	2	2	2	0	3	0	
0	7	3	0	5	8	3	1	3	2	2	2	
-1	5	4	8	5	4	4	1	4	0	7	2	
Fjöldi nemenda	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15	



Útskýringar á stigagjöf

2: Nemandi reiknar rétt og fær rétta útkomu
1: Nemandi reiknar rétt og fær ranga útkomu, eða nemandi fræ rétta útkomu en sýnir ekki útreikninga
0: Nemandi skilar þraut en útreikningur og útkoma eru röng
-1: Nemandi skilar ekki þraut

Stutt lýsing á þrautum

A: Þraut sem felur í sér að flytja hunda og þjálfara yfir fallvatn.
B: Hænur og egg: Nemendur fá upplýsingar um meðalfjölda eggja sem hæna verpir og þurfa að reikna heildarfjölda hænsnfugla miðað við heildarfjölda eggja sem verpt er á ákveðnu tímabili.
C: Nemendur reikna meðalaldur kennara miðað við fjölda og tímabil.
D: Breidd gangstígs utan um garð reiknaður.
E: Ummál hrings reiknað.
F: Þraut sem er svipuð suduko.
G: Prósentureikningur og tímaskyn
H: Þraut sem er svipuð suduko
I: Hjólaþraut, tími og vegalengd
J: Jöfnuhneppi
K: Gráður

Í heild fannst mér þetta gott verkefni og ég ætla að þróa það áfram næsta skólaár. Mér finnst nauðsynlegt að fara yfir þær reglur sem gilda fyrir þau verkefni sem ég set fyrir hverju sinni og veita þeim sem verr standa meiri aðstoð (leiðsögn). Markmið næsta árs er að fá alla nemendur til að taka þátt í verkefninu.

Viktoría Gilsdóttir

5. Skapandi hugsun og vinna í mannæktartímum (7. og 8. bekkingar)**Lýsing á verkefninu (sem var í þremur áföngum)**

Í yngsta nemendahópnum (nemendur í 7. og 8. bekk, sem við nefnum Kvosarhóp), höfum við fjallað m.a. mikið um sjálfsmynd, samvinnu, tillitsemi, jákvæðar og neikvæðar tilfinningar og að hver einstaklingur hefur mikið gildi þegar nemendur vinna saman verkefni. Í tengslum við þróunarverkefnið „Skapandi hugsun og vinna“, var lagt upp með viðfangsefni þar sem byrjað var á tveimur mjög einföldum verkefnum sem voru hugsuð sem undirbúningur að aðalverkefninu (3) : „Hvernig verður hugmynd að veruleika í hópvinnu?“. Í verkefnunum var krafist myndrænnar útfærslu:

Byrjað var á tveimur einföldum verkefnum þar sem nemendur voru beðnir um að tjá sig á myndrænan hátt um óhlutbundið viðfangsefni (tilfinningar – sjálfsmynd...):

1. Nemendur áttu að fylla út í tóma andlitsmynd (útlínur af höfði) sem átti að lýsa þeim sem einstaklingum. Þeir áttu að finna tákni og hluti og setja inn á myndina til þess að lýsa sjálfum sér.
2. Nemendur áttu að tjá tilfinningar á myndrænan hátt.




Í seinna verkefninu fengu nemendur það viðfangsefni að hugleiða jákvæðar tilfinningar. Kennarinn bað nemendur að nefna orð sem tengdust jákvæðum tilfinningum og skrifaði þær á töfluna: Ást, fjölskylda, vinátta, traust, gæludýr og fleira í þeim dúr. Nemendur fengu síðan blað í A-5 stærð og þeir voru beðnir að hugsa um jákvæðar tilfinningar og koma þeim í mynd, tákni eða litum á blaðið og nota bæði blýant og liti. Þeir áttu einnig að hafa í huga að fylla vel út í myndflötinn.



3. Þriðja verkefnið var veigamest og hafði yfirskriftina: „Hvernig verður hugmynd að veruleika í hópavinnu? Þetta verkefni hófst 18. mars.

Sautján nemendum var skipt í 4 hópa með því að telja í hópana; útkoman varð einn strákahópur og þrjár blandaðir hópar. Verkefnið átti að hafa meginþemað: **Samvinna – tillitsemi – hvernig nýtum við hana í hópstarfi** og nemendur áttu að koma sér saman um verkefni – skipuleggja framkvæmdina – og útfæra síðan hugmyndina á myndrænan hátt.


Hópur 1 ákvað að gera ljósmyndaverkefni um líðan og tillitsemi (taka ljósmyndir – nota úrklippur).




Hópur 2 ákvað að taka viðtal við aldraða einstaklinga og fá þeirra sjónarmið á hugtakinu tillitsemi.

(Þetta verkefni átti eftir að taka breytingum.

Hópur 3 ákvað að búa til spil þar sem reglurnar gengju út á að taka tillit.



Hópur 4 ákvað að búa til verkefni sem sýndi hvernig við þurfum að taka tillit til náttúrunnar (taka viðtöl, taka ljósmyndir, búa sjálf til myndir).



Nemendur voru einu sinni í viku í morgunsárið í þessu verkefni þannig að það vannst dálítið slitrött en allir luku þó verkefninu fyrir skólalok (var dálítið tæpt).

Markmið

Með fyrstu tveimur einföldu verkefnum var markmiðið að fá nemendur til þess að tengja hugmynd (óhlutbundið viðfangsefni) við myndræna útfærslu og fá þá til þess að tjá sig með myndrænum hætti um viðfangsefnið í mannræktinni. Í þriðja og síðasta verkefninu var ætlunin að fá nemendur til þess að vera meðvitaðir um hve samvinna, verkaskipting og tillitsemi í hópvinnu er mikilvæg.

Mat á verkefninu

Fyrstu tvö verkefni gengu ágætlega fyrir sig (enda mjög einföld) þrátt fyrir að sumum þætti erfitt að finna myndefni í fyrstu. Einnig voru dæmi um að nemendum fyndist óþarfi að hafa myndina í lit.

Flestir virtust hafa gaman af því að þæla í því hvað lýsti þeim sjálfum og settu ýmislegt myndrænt inn á myndflötinn. Sumir áttu erfitt með að draga fram eitthvað sérstakt og fengu þá ábendingu frá kennara eða sessunaut. Sama gildi um verkefnið um jákvæðu tilfinningarnar. Sumir unnu hratt og ákveðið meðan aðrir voru óruggari í því hvað þeir ættu að gera. Nemendur virtust samt hafa ánægju af því að vinna þetta verkefni.

Í síðasta verkefninu (hópvinnunni) voru nemendur misfljótir að koma sér að verki. Strákahópurinn átti erfiðast með að koma sér niður á verkefni en voru síðan röskir þegar hugmyndin að spilinu kom upp (kennari kom þeim dálítið til hjálpar með því að telja upp alls konar viðfangsefni sem þeir síðan völdu úr). Hópurinn sem ætlaði að taka viðtal við aldraða komst að því að þar sem tímarnir voru klukkan 8:15 á morgnana væri sennilega snúið að fara í heimsókn svo snemma og ákváðu því að fara frekar út í nágrennið og taka viðtal við fólk á förnum vegi, eða í verslunum nálægt skólanum. Þeir sem tóku viðtöl bjuggu til spurningar áður en út var haldið og myndatökur voru skipulagðar eftir þörfum.

Nemendur voru yfirleitt duglegir að koma sér að verki í kennslustundum eftir að hugmyndavinnu lauk og í heildina séð gekk verkefnið nokkuð vel.

Í lok annarinnar tóku nemendur próf úr áfanganum í mannrækt og þurftu meðal annars að tjá sig um hvað þeim þótti um framgang verkefnisins. Spurningarnar voru:

Lýstu samvinnuverkefninu sem þú tókst þátt í (hópastarfið í síðustu tímunum).

a) Voru allir virkir í hópnum?

já (10) nei (4) flestir (3)

b) Var einhver hópstjóri?

já (11) nei (6)

c) Hvernig skiptuð þið með ykkur verkum?

Allir nema þrír virtust upplifa góða verkaskiptingu miðað við svör.

d) Komu upp einhver vandamál í hópnum?

Já (5) sögðu að vandamálin tengdust ekki samskiptum heldur t.d. að gleyma myndum o.þ.h.

Nei (12)

e) Hvað lærðir þú af þessari hópvinnu?

Hér komu fjölbreytileg svör og skemmtileg:

Að það er mikilvægt að taka til á jörðinni, vinna vel, best að vinna saman en ekki einn og sér, það er gott að vinna saman ef allir eru með, að það er mikilvægt að vera jákvæður og leyfa öllum að kom með sínar hugmyndir, maður verður að hjálpa eins mikið og maður getur, að læra að hugsa saman og framkvæma, samvinna er best og skemmtileg, það er nauðsynlegt að skipta með sér verkum og að allir taki þátt. Þrír nefndu að þeir hefðu ekki lært neitt af þessu verkefni.

f) Ef þú ættir að gefa samvinnunni „einkunn“ hvernig myndir þú lýsa henni?

Samvinnan gekk: (5) vel (11) sæmilega (1) frekar illa

Það má því segja að svo virðist sem nemendur hafi upplifað verkefnið á þann veg að það hafi átt sér stað verkaskipting og samvinna. Þó gefa svörin í f- lið um samvinnu til kynna að þau hafi upplifað erfiðleika þar. Svörin í e- lið um hvað þau hafi lært gefa flest til kynna að markmiðið með verkefninu virðist hafa komst að talsvert miklu leyti til skila.

Til umhugsunar

Þetta verkefni gefur tilefni til frekari úrvinnslu fyrir kennarann. Skipulagslega séð þá var ókostur að heil vika leið á milli kennslustunda þannig að verkefnið var talsvert slitrótt í framkvæmd. Það væri betra að hagræða í stundaskránni þegar unnið er við verkefni af þessu tagi. Einnig væri gaman að sjá samanburð á milli árganga næsta vetur og láta nemendur í eldri bekkjum vinna sambærilegt verkefni. Nemendur í þessum aldurshópi eru þroskalega séð á mismunandi stað hvað varðar hlutbundna/óhlutbundna hugsun.

Það hefði einnig verið gott að fá tækifæri til þess að hafa góðar umræður í hópnum í lokin um viðfangsefnið. Sá tími gafst ekki af því að verkefnið teygðist alveg fram að kennslulokum (væri betra að byrja fyrr).

Margrét Theodórsdóttir

Lestrarátak meðal nemenda á lestri enskra og íslenskra bóka Read ! Read ! Read !

The Reading Competition at Tjarnarskóli Jan 2007 - May 2009



Lýsing

Since January 2007 a reading competition in English has been held steadily throughout the school years. It was set up as a voluntary activity that was encouraged also during regular English classes. A steady stream of all kinds of books were brought into the classrooms.

types of reading matter:

ESL readers

children's picture books

teen series

chapter books

comics/graphic novels

manga

YA non-fiction (especially during the 2008-2009 school year)

Students were encouraged to read any and all English materials in book form. They were then to record their reading on review cards that were then hung in each room, available to other possible readers. This "review" gave not only information on title, author, reader, and number of pages, it also was a short paragraph on the story and reader-comments, along with a rating system of 1-5 stars. A separate computer file was kept by myself of each student's reading.

title: *Freckle Juice*

author: *Judy Blume*

no. of pages: 47

Reader name: *Sóley*

Reader comment: *Super silly and funny! It's about a boy who wants freckles. He's so desperate in getting them, he gets fooled by one of the girls in his class and buy this secret freckle juice recipe.*

★★★★☆

Sýnishorn af lestrarkorti nemenda

Other methods of recording were developed as time went on, according to personal needs.

methods of recording-(list box):

A6 cards

logbook

A4 sheet included in final workbooks

individual computer file

reading journal/notebook

Periodically a "reading marathon" (during which short books of various kinds were offered and then chosen by individuals to read then and there) was held during class to encourage non-readers to take part. This also was a way to introduce other reading materials as I would hold a little "sales pitch" for each book.

At the end of the second semester, halfway through the school year, results were posted listed by classrooms. Those truly competing could then see whom they needed to catch up to! Final yearly results were announced at the last day of school during skólaslit, at which time awards were given for the most books read, and the most pages read.

Markmið

The basic purpose was to read more books in English. It did start as a class effort, but quickly became completely individually oriented. Soon reading became more of a choice for some than being on the computer during breaks. And those who read steadily and a lot, improved in their general English usage skills, especially in their own writing. Reading for enjoyment became more and more a part of the daily school life. And during the last half year (Vor 2009), this *átak* was extended to books in Icelandic, for which the Icelandic teacher created a separate recording system. Trips to the library were very much looked forward to and often had the air of a shopping spree.

Mat

As can be seen above, this project did work and is still working. The only thing I felt needed to be changed was to not have it at all connected to the actual grading in the English classroom. I, as the teacher, was in a quandry at times, as all reading was recorded for this project (spending time reading was an important part of a student's grade in my classroom). But it's better to have it done by a separate person. Plus there are students who do read and do not want to take part as a competitor. Our intention is to have it separate from now on.

Gerður V. Colot

Lestur íslenskra bóka



Eins og komið hefur fram þá ákváðum við að hefja sambærilegt átak í lestri íslenskra bóka síðast liðinn vetur í tveimur yngri bekkjunum. Lækjarnemendur hófu lesturinn í nóvember en Kvosarnemendur (yngri) í janúar. Upplýsingum um bókartitla, blaðsíðufjölda og álit nemandans á bókinni með sambærilegum hætti og í enskuátakinu. Þessir bekkir fóru einu sinni í viku á Borgarbókasafnið og fengu alltaf einn fastan frjálslustrartíma á viku. Fyrirhugað er að taka upp þráðinn næsta haust og efla enn frekar lestur íslenskra bóka með reynslu af lestri enskra bóka í farteskinu. Tölulegar upplýsingar úr hinum ýmsu gögnum gefa tilefni til vangaveltna og úrvinnslu. Að þessu sinni setjum við fram heildarniðurstöður og höfum til samanburðar að ári liðnu.

Tölur um lestur íslenskra bóka 2008 - 2009:

Lækurinn (9. bekkingar):

Las samtals **9.885** blaðsíður (frá nóvember)

Kvosin:

Las samtals **9.909** blaðsíður (frá janúar)

Talnayfirlit á lestri enskra bóka frá hausti 2007 til vors 2009								
	Árgangur	Nem- endur	Bækur	Meðal- tal	Blaðsíðu- fjöldi	Meðal- tal	Aukn. minnkun milli anna	Virkir les.
Vor 2007	7. bekkur	3	11	4	762	254		100%
	8. bekkur	11	64	6	22692	2062		64%
	9. bekkur	10	112	11	23540	235		100%
	10. bekkur	9	90	10	20411	204		78%
Haust 2007	7. bekkur	8	7	0,9	211	26	-	25%
	8. bekkur	11	77	7	6764	614	-	63%
	9. bekkur	14	84	6	18737	1338	+	71%
	10. bekkur	12	27	2,25	5147	429	+	67%
Vor 2008	7. bekkur	8	10	1	758	95	+	50%
	8. bekkur	10	69	7	7418	74	-	100%
	9. bekkur	13	86	7	23622	1817	+	69%
	10. bekkur	12	6	0,5	1873	156	-	33%
Haust 2008	7. bekkur	6	9	1,5	504	84	-	83%
	8. bekkur	11	28	2,5	2163	196	+	100%
	9. bekkur	14	241	17	27754	1982	+	100%
	10. bekkur	11	37	3	9101	827	+	100%
Vor 2009	7. bekkur	6	46	8	9681	1614	+	50%
	8. bekkur	11	37	3	5514	501	+	73%
	9. bekkur	15	138	9	26419	1761	-	87%
	10. bekkur	13	89	7	13678	1052	+	77%

Meðaltal þeirra sem voru virkir lesendur frá vorönn 2007 - vorannar 2009

7. b.	62%
8. b.	80%
9. b.	85%
10. b.	71%

Upplýsingastreymi til foreldra – viðhorfakönnun

Á viðtalsdegi í mars var lögð spurningakönnun fyrir foreldra þar sem einkum var leitað eftir viðhorfi foreldra til upplýsingastreymis frá skólanum. Einnig var spurt um heimanám og lestrarátak.

Alls svaraði 21 foreldri nemenda í Kvos (7. og 8. bekkur) en í þeim hópi eru 17 nemendur. Í Læk (9. bekkur) svöruðu 17 foreldrar en í þeim bekk voru 15 nemendur og 17 foreldrar í Smiðju (10. bekkur) svöruðu könnuninni en í þeim bekk voru 13 nemendur. Svarhlutfallið er því yfir 100% í öllum bekkjum þar sem eitthvað var um að báðir foreldrar svöruðu spurningunum.

Niðurstöður könnunar


Viðmið

Áður en könnunin var lögð fyrir ákvað starfsmannahópurinn hvaða viðmið væru ásættanleg. Þau viðmið koma fram við einstaka liði hér á eftir.

„Heimanámspóstar - heimanámstímar“.

Að öllu jöfnu eru sendar upplýsingar til nemenda og foreldra um það hvað hver kennari hefur sett fyrir að vinna á milli kennslustunda. Þessar upplýsingar eru skráðar af kennara í svo nefnda „heimanámsbók“ sem fylgir kladda hvers nemendahóps (bekkjar). Nemendur eiga síðan að ljúka við tiltekin viðfangsefni í sérstökum heimanámstímum í skólanum og/eða heima ef ekki tekst að ljúka í skólanum. Þessar upplýsingar lúta ýmist að því hvað allur nemendahópurinn á að gera, en einnig hvað hver einstaklingur á að gera. Þessar upplýsingar eru sendar í tölvupósti sem ritari skólans skráir upp úr heimanámsbók og sendir á nemendahópinn á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum um hádegisbil.

Mynd 1 sýnir hve oft foreldrar lesa heimanámspóstinn.




Mynd 1. Hversu oft skoðar þú upplýsingar í heimanámspóstum?

Miðað var við að lágmark 75% foreldra merktu við alltaf/nánast alltaf.

Í Kvos var hlutfallið 86%, Læk 88% og Smiðju 76%, meðaltalið er 83% (yfir viðmiði).

Mynd 2 sýnir hve oft foreldrar telja að unglingurinn þeirra skoði heimanámspóstana.




Mynd 2. Hversu oft telur þú að unglingurinn þinn skoði þessa heimanámspósta?

Hér settum við ekki sérstök viðmið þar sem foreldrar eiga erfitt með að meta þennan þátt.

Aðspurðir um viðhorf til fyrirkomulags heimapóstanna svöruðu rúm 96% allra foreldra að þeim myndist fyrirkomulagið vera fint eins og það væri. Tveir foreldrar nefndu að nægilegt væri að fá heimanámspóst vikulega og eitt foreldri vildi fá heimapóst sendan heim í umslagi vegna tölvuleysis. Hér var viðmiðið 80% og eru því svörin **yfir viðmið**.

Eins og fram hefur komið hafa nemendur í skólanum svo nefnda heimanámstíma inni á stundaskrá alla daga vikunnar.


Mynd 3 sýnir viðhorf foreldra til heimanáms nemandans í skólanum.



Mynd 3. Hversu ánægð/ur – óánægð/ur ert þú með „heimanám“ unglingsins þíns í skólanum.

Ásættanlegt viðmið hér var 75% (mjög ánægð(ur) /ánægð(ur)).

Í Kvos var jákvætt viðhorf 76% í Læk 94% og Smiðju 71%. Meðaltal er 80% og því **yfir viðmiði**.

Mynd 4 sýnir viðhorf foreldra til heimanáms nemandans heima.

Mynd 4. Hversu ánægð/ur – óánægð/ur ert þú með „heimanám“ unglingsins þíns sem hann /hún þarf að vinna heima.

Hér var viðmiðið 65%. Hér voru jákvæð svör að meðaltali 88%. Túlkun þessa svars er ekki einhlítt og þyrfti jafnvel nánari skýringa (aðra könnun). Þar sem nemendur hafa möguleika á að vinna „heimanámið“ í skólanum að miklu eða öllu leyti þá væri hægt að skilja þetta á þann veg að foreldrum finnst „hæfilega“ mikið heimnám.

Umsjónakennari sendir upplýsingapósta heim með upplýsingar úr kladda og um gang mála í skólanum. Aðspurðir um viðhorf til fyrirkomulags upplýsingapósta svöruðu rúm 96% allra foreldra að þeim fyndist fyrirkomulagið vera fínt eins og það væri. Eitt foreldri nefndi að það vildi gjarnan fá upplýsingar af þessu tagi oftar. Hér var viðmiðið 85% svo að hér eru jákvæð svör einnig **yfir viðmiði**.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir ræddu við unglingsinn sinn um þær upplýsingar sem bærust frá umsjónakennara og var mikill meiri hluti eða 65% sem sögðust gera það alltaf eða nánast alltaf. 29% foreldra kváðust gera það stundum og eitt foreldri (2%) sagðist aldrei gera það.


Við settum ekki viðmið við síðustu þremur spurningunum en fannst forvitnilegt að vita svörin við framtíðarskipulagninguna á þessum sviðum.

Fréttir úr skólastarfinu eru sendar heim

Aðspurðir um hversu oft þeim fyndist hæfilegt að fá slíkar fréttir svöruðu 60% foreldra að þeim fyndist hæfilegt að fá þær hálfmánaðarlega, 25% sögðust vilja fá þær mánaðarlega og 16% vildu fá þær vikulega. Fréttir á tveggja vikna fresti virðast því góður kostur þegar til framtíðar er litið.

Lestrarátak

Mynd 5 sýnir svör foreldra þegar þeir voru spurðir hvort þeir tækju eftir auknum áhuga hjá unglíngnum sínum á lestri enskra/íslenskra bóka í kjölfar lestrarátaksins.



Tekur þú eftir auknum áhuga hjá unglíngnum þínum á lestri enskra/ íslenskra bóka í kjölfar lestrarátaks vetrarins í skólanum?

Almennt voru foreldrarnir mjög ánægðir með lestrarátakið og vildu hafa framhald á því.

Samantekt

Samantekt á niðurstöðum könnunar um viðhorf foreldra eru mjög ánægjulegar. Í öllum tilvikum eru svörin jákvæðari en þau viðmið sem við settum sem ásættanleg. Í framhaldi af foreldrakönnuninni vildum við kanna viðhorf nemenda. Sú könnun var lögð fyrir í mannræktarprófi hjá öllum nemendum á vordögum.

Á næstu tveimur síðum eru þær 6 spurningar sem lagðar voru fyrir nemendur í Kvos, Læk og Smiðju.

Viðmið og niðurstöður

Allir nemendur í Kvos tóku þátt í könnuninni, eða 17 alls. Í Læk var þátttakan 14 / 15 en 12 /14 í Smiðju.

Aðspurðir um hversu oft nemendur skoðuðu upplýsingar sem þeir fá sendar í heimanámspóstum þrisvar í viku ...

Hér var viðmiðið að 65% svöruðu „Alltaf/nánast alltaf“; eða „Að meðaltali einu sinni í viku“.

Aðrir svarmöguleikar voru: Sjaldnar en að meðaltali einu sinni í viku og aldrei.

Kvos:	Svarhlutfallið „Alltaf/nánast alltaf“; eða „Að meðaltali einu sinni í viku“	
	var	64% og því rétt við viðmiðunarmörkin.
	Sjaldnar/aldrei	24%
Lækur:	Svarhlutfallið „Alltaf/nánast alltaf“; eða „Að meðaltali einu sinni í viku“	
	var einnig	64% og því rétt við viðmiðunarmörkin.
	Sjaldnar/aldrei	24%
Smiðja:	Svarhlutfallið „Alltaf/nánast alltaf“; eða „Að meðaltali einu sinni í viku“	
	var	94% og því talsvert yfir viðmiðun.
	Sjaldnar/aldrei	6%

Spurningin um hversu ánægð/ur – óánægð/ur nemendur væru með núgildandi fyrirkomulag heimanámspóstana var viðmiðið 80%.

Hlutfall þeirra sem svöruðu að þeim fyndist fyrirkomulagið fínt eins og það er, var:

Kvos:	94%
Lækur	86%
Smiðja	83%

Það má því segja að nemendur séu almennt ánægðir með fyrirkomulagið.

Næsta spurning var: Hversu ánægð/ur – óánægð/ur ert þú með „heimanámstímana“ í skólanum. Hér settum við viðmiðið að 80% merktu við „Mjög ánægð/ur“ eða „Ánægð/ur“.

Aðrir merktu við „Frekar ánægð/ur“, „Frekar óánægður/ur“, en enginn merkti við „Mjög óánægð/ur“.

Hér var svarhlutfall þeirra sem voru „ Mjög ánægð/ur“ eða „Ánægð/ur“.

Kvos	88%
Lækur	79%
Smiðja	92%
Hér er hlutfallið um/yfir viðmiðunarmörkum og því ásættanlegt.	
Þeir sem merktu hins vegar við „Frekar ánægð/ur“, „Frekar óánægður/ur“	
Kvos	12%
Lækur	21%
Smiðja	8%

Fjórða spurningin kannaði viðhorf nemenda til heimanámsins heima.

Hér þótti okkur erfitt að setja viðmið en svörin vöktu okkur til umhugsunar. Það væri áhugavert að skilgreina nánar þennan þátt (t.d. hvort þeim þyki of mikil/lítill heimavinna) og leggja jafnvel fyrir í nýrri könnun.

Hér var svarhlutfall þeirra sem voru „Mjög ánægðir“ eða „Ánægðir“:

Kvos	59%.
Lækur	86%
Smiðja	92%
Þeir sem merktu hins vegar við „Frekar ánægð/ur“, „Frekar óánægður/ur“	
Kvos	41%.
Lækur	14%
Smiðja	8%

Við spurðum einnig um hvort foreldrar ræddu við nemandann um upplýsingar sem berast frá umsjónarkennara. Við settum viðmiðið 90% við „Alltaf/nánast alltaf“ eða „Stundum“.

Kvosar- og Smiðjunemendur merktu 100% við þessa tvo valkosti en Lækjarnemendur 93% (einn nemandi merkti við „Aldrei“).

Síðasta spurningin leitaðist við að kanna viðhorf nemenda til þess að fá Tjarnarskólafréttir vikulega, hálfsmánaðarlega eða mánaðarlega.

Hér völdu aðeins fleiri valkostinn „hálfsmánaðarlega“ en vikulega/mánaðarlega. Það má því segja að hér hafi ekki komið afgerandi álit nemenda hvað þetta varðar.

Aðrar tiltækar viðhorfakannanir

Viðhorfakannanir sem hafa verið gerðar á vegum Menntasviðs Reykjavíkur árið 2006 og 2008; „Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum“.

Þær má nálgast á heimasíðu skólans <http://tjarnarskoli.is/foreldrar.htm>

Niðurstöður viðhorfakönnunar Menntasviðs Reykjavíkur eru almennt séð mjög jákvæðar fyrir Tjarnarskóla.

Jákvætt

Hlutfall foreldra, sem svara spurningunni um hvort þeir eru „ánægðir/frekar ánægðir“ með skólann, er um 90 %. Það er mjög ánægjuleg niðurstaða. Um 84% eru ánægðir/frekar ánægðir með stjórnun skólans.

Umsjónarkennarar skora um 93% hvað ánægju varðar með þeirra störf og um upplýsingastreymi frá umsjónarkennara eru um 89% foreldra ánægðir. Allir, eða 100%, eru ánægðir með hversu vel gengur að ná sambandi við umsjónarkennara. Um 89% eru ánægðir með að umsjónarkennari fylgist vel með frammistöðu barns í námi. Svipað hlutfall kemur í ljós hvað varðar ánægju með hvernig umsjónarkennari upplýsir foreldrahópinn um líðan og félagsanda í bekknum. Um 79 % foreldra svara já við spurningunni hvort umsjónarkennari hafi samband við foreldra fyrir utan hefðbundna foreldrafundi.

Um 85% telja að hæfilegar námskröfur séu gerðar til nemandans og 89% telja að barnið fái verkefni við hæfi í skólanum. Um 89 % telja að agi sé hæfilegur í skólanum og 88% telja að áhersla á próf sé hæfileg. Um 73% telja að heimavinna barns sé hæfileg.

Spurningunni um hvort foreldrar telji að barninu líði vel í skólanum svara 84,6% „alltaf/oftast“ en 15,4% stundum. Hlutfallið er ívið lægra, eða um 80% þegar vellíðan í kennslustundum er mæld með hliðstæðri spurningu. Um 72% telja að barninu líði vel í íþróttatímum og í búningsklefa 76%. Allir foreldrar (100%) telja að barninu líði vel í frímínútum og 96% til og frá skóla. Um 84% telja að barnið hafi ekki orðið fyrir einelti í skólanum, en um 16% að svo hafi verið.

Um 85% eru ánægð með síðasta foreldraviðtal í skólanum. Þegar foreldrar eru spurðir um hvort skoðanir þeirra skipti máli þegar ákvarðanir eru teknar varðandi þeirra barn, svara 88,5% játandi. Viðhorf foreldra sem varða upplýsingar á heimasíðu skólans eru á þá lund að 96% svara því til að upplýsingarnar séu „gagnlegar/frekar gagnlegar“ og 100% svara að þeir fái upplýsingar frá skólanum í tölvupósti og 100% eru ánægð með upplýsingagjöf skólans. Jákvæð samskipti starfsfólks við barnið mælist 92% og ánægja með almenna umönnun barns er 92%. Um 88% eru ánægð með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins og 100% eru ánægð með gæslu á skólalóð. Þegar kemur að aðgangi nemenda að tölvum svara 80% að þeir séu ánægðir og 88% eru ánægðir með aðbúnað í kennslustofum.

Veikleikar/það sem þarfnast bóta.

Helstu ábendingar um það sem betur má fara tengjast aðallega ytri aðstæðum sem hefur reynst erfitt að bregðast við.

Ytri aðstæður.

Staðsetning skólans hefur þá ókosti að engin eiginleg skólalóð er við skólahúsnaðið. Þess vegna er mjög skiljanlegt að 45% foreldra eru óánægð með aðstöðu á skólalóð. Óánægja með aðstöðu til íþróttaiðkunar er 27%. Það má eflaust rekja til þess að nemendur þurfa að taka strætisvagn í Valsheimilið til þess að sækja íþróttatíma tvisvar í viku. Um 40% foreldra nefna óánægju með aðstöðu til tólmundaiðkunar eftir skóla. Sú aðstaða er nánast engin fyrir hendi. Þó má nefna í þessu samhengi að flestir nemendur eiga ekki heima í skólahverfinu og halda því heim á leið eftir íþróttir og sund í lok dagsins tvisvar til þrisvar í viku en íþróttirnar og sundið eru kennd í talsverðri fjarlægð frá skólanum. Mest er óánægjan með aðstöðu fyrir verklegar greinar, eða 64,3%. Það er afar skiljanlegt. Í skólahúsnaðinu eru einungis 3 hefðbundnar kennslustofur. Það hefur ekki fundist aðstaða í næsta nágrenni skólans til þess að iðka verklegar greinar, en til margra ára höfðum við aðgang að sérgreinastofum í Miðbæjarskólanum. Sú aðstaða er ekki lengur fyrir hendi. Við erum afar meðvituð um þetta og reynum að koma til móts við þessa vankanta með óbeinum hætti. Einnig má nefna að 20% foreldra eru óánægð með „almennt ástand húsnaðis“. Skólinn er til húsa í 103 ára gömlu húsi og ber þess auðvitað merki.

Niðurstöður um viðhorf foreldra til eineltismála í skólanum.

Í skólanum voru 44 nemendur í skólanum þegar könnunin var gerð. Okkur sýnist að þeir sem tóku þótt í könnuninni hafi verið 25. Alls fjórir foreldrar nefna að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum.

Einn svarar að hann sé sáttur við úrvinnslu í skólanum, annar hvorki né, sá þriðji er frekar ósáttur og sá fjórði mjög ósáttur. Myndrit og heildarniðurstöður virðast í fljótu bragði mjög neikvæðar fyrir skólann. Einn „mjög ósáttur“ gefur niðurstöðuna 25% óánægju í myndriti.

Jákvæð samskipti í skólanum er okkur mikið keppikefli og við leggjum afar mikið af mörkum til þess að öllum líði vel. Myndritið af eineltismálum í skólanum byggir á svörum fjögurra foreldra . Niðurstöður komu okkur á óvart en í þessu ljósi hyggjumst við kanna á hverjum skólavetri hvernig viðhorf foreldra er til eineltismála í skólanum og hvernig þau meta viðbrögð starfsmanna skólans við þeim.

Samantekt /umræða

Að loknum fyrsta áfanga í sjálfsmatsvinnunni

Ákveðið var að beina sjónum sérstaklega að þremur þáttum skólastarfsins og fá svar við eftirfarandi matsspurningum:

1. Hvað finnst foreldrum um upplýsingastreymi frá skólanum?
2. Hvernig tekst til með áttak sem beinist að því að tengja listsköpun við hinar ýmsu námsgreinar í skólanum?
3. Hvernig þróast áttak í frjálsllestri enskra bóka annars vegar, en íslenskra bóka hins vegar?
(Sjá nánar í „Ramma fyrir umbótaáætlun)

Matsspurning 1

Niðurstöður af viðhorfskönnun meðal foreldra um upplýsingastreymið frá skólanum. Þessi könnun var lögð fyrir á viðtalsdegi foreldra í mars 2009:

Matið beindist einkum að þremur þáttum:

- a) Upplýsingum um heimanám nemenda í svo nefndum „heimanámspóstum“ sem eru sendar að öllu jöfnu þrisvar sinnum í viku til foreldra og nemenda.
- b) Persónulega „umsjónakennarapósta“ sem umsjónarkennari sendir að öllu jöfnu í vikulok til foreldra hvers umsjónarnemanda síns.
- c) Fréttapóstunum „Tjarnarskólafréttir – í fréttunum er þetta helst“ úr skólastarfinu sem skólastjóri tekur saman og sendir í máli og myndum til nemenda, foreldra, kennara og velunnara skólans til þess að varpa ljósi og upplýsa um það sem drífur á daga okkar í skólanum frá einum tíma til annars.

Það er skemmst frá að segja að við getum mjög vel unað við niðurstöður þessarar viðhorfskönnunar. Við settum okkur „ánægjuviðmið“ og stóðumst þau vel. Því má segja að niðurstöður séu mjög ásættanlegar um þessa þætti í skólastarfinu og hvetja okkur til þess að halda áfram á þessari braut.

Matsspurning 2

Hvernig tekst til með áttak sem beinist að því að tengja „skapandi hugsun og vinnu“ við hinar ýmsu námsgreinar í skólanum?

Allir aðalkennarar skólans(6)voru þátttakendur í þessu átaki (ekki íþróttá- og sundkennari). Stærðfræðikennarinn vann með þrautalausnir en hinir kennararnir unnu verkefni með nemendum sem fólu í sér myndræna útfærslu og einn kennari skoðaði hvernig nemendahópur vann verkefni „frá hugmynd til niðurstöðu“ í hópavinnu.

Allir kennarar voru ánægðir með þessi verkefni. Þeir skráðu framgang verkefnanna og geta allir hugsað sér að þróa þessa vinnu áfram með reynslu af þessari verkefnavinnu í farteskinu. Þó má taka fram að veturinn 2009 – 2010 verður ekki sami kennarahópurinn í skólanum af því að tveir (af 6) kennarar verða í fæðingarorlofi og sá þriðji minnkar verulega við sig vinnu. Þeir kennarar sem verða áfram hyggjast nýta sér reynsluna af áttakinu í fyrra og leggja fyrir að nýju með reynslu síðasta árs í skipulagningu og fyrirlögn í huga.

Matsspurning 3

Hvernig þróast áttak í frjálsllestri enskra bóka annars vegar, en íslenskra bóka hins vegar?

Aukning hefur orðið í frjálsllestri enskra bóka (3ja ára þróun). Rýni í samanburðartölur vekja samt vangaveltur. Nemendahópar hér eru litlir þannig að meðaltalstölur geta verið mjög breytilegar á milli námsanna/ára. Þannig má segja að jafnvel einn nemandi geti haft mjög mikil árhif á meðaltal tímabils. Kennarahópurinn er staðráðinn í að hvetja nemendur áfram til dáða í frjálsllestinum og þróa áfram aðferðir til þess að meta framfarir.

Fyrsta skrefið var stigið '08 - '09 í að efla lestur íslenskra bóka með „enskuáttakið“ að fyrirmynd. Fyrirhugað er að halda áfram með hvort tveggja og gera samanburð á milli ára.

Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar**Styrkleikar/veikleikar**

Í sjálfsmatsskýrslu Tjarnarskóla 2008-2009 gerum við ýtarlega grein fyrir niðurstöðum viðhorfskönnunar; styrkleikum og veikleikum. Í þeim spurningum sem beinast að innra skólastarfi má segja að við getum vel við unað að flestu leyti þó að það sé ávallt kappsmál að gera betur. Helstu veikleikar tengjast ytri aðbúnaði, aðstöðu til íþóttaiðkunar og skorti á sérgreinaaðstöðu, sem er engin. Um það erum við mjög meðvituð en sjáum ekki auðvelda lausn í sjónmáli. Einnig gefur skýrslan til kynna að fjórir foreldrar svara því að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum. Í okkar augum er „einn“ of margir og viljum halda ótrauð áfram í því að svör af þessu tagi verði 0%.

Nánari útfærslu og umfjöllun má sjá í „umbótaáætlun“ og Sjálfsmatsskýrslu Tjarnarskóla 2008-2009.

Lokasamantekt

Kennarahópurinn er sammála því að sjálfsmatsvinna vetrarins 2008 – 2009 hafi verið bæði ánægjuleg og afar gagnleg. Sjálfsrýni með skipulögðum hætti er af hinu góða og við hlökkum til að halda þessari vinnu áfram á næsta skólavetri. Eins og komið hefur fram þá vorum við á nokkrum byrjunarreit hvað vinnu af þessu tagi varðar. Samvinnan við þær Björk og Sigríði hjá Ísmati (en Menntamálaráðuneytið lagði okkur að hluta til ráðgjöfina) var ánægjuleg í alla staði og við þökkum þeim kærlega fyrir að leiða okkur áfram í sjálfsmati vetrarins.

Framtíðarsýn

Skólastarfið í Tjarnarskóla er í sífelldri mótun og það er margt sem vert er að skoða nánar og mæla með skipulögðum hætti á komandi árum. Næsta vetur ætlum við m.a. að fara í endurskoðun á skólanámskránni. Í lok skólaársins 2008 – 2009 er ljóst að talsverðar breytingar verða á kennarahópnum veturinn 2009 – 2010. Þrír af fimm aðalkennurum í skólanum verða ekki með okkur; tveir fara í barnsburðarleyfi og sá þriðji verður í mjög litlu starfshlutfalli þannig að ljóst er að þrír af sex verða nýir í kennarahópnum. Það setur örugglega mark sitt á sjálfsmatsvinnuna, að minnsta kosti framan af, meðan þeir eru að tileinka sér „Tjarnarskólataktinn“.

Reykjavík,

desember 2009

Margrét Theodórsdóttir

skólastjóri

